



UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um umferðartalningu

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:
"Óskað er upplýsinga um hvort reglulega fari fram umferðartalning við grunnskóla borgarinnar á starfstíma skólanna".

Reykjavíkurborg lætur að jafnaði framkvæma sérstakar umferðartalningar á yfir 50 stöðum í borginni á ári hverju auk þess sem sjálfvirkar talningar eru á bílaumferð og gangandi og hjólandi umferð á völdum fjölförnum stöðum í samgöngukerfinu.

Hefðbundin talning fer fram á virkum degi frá kl. 7 til kl. 10 árdegis og aftur frá kl. 15:30 til kl. 18:30 síðdegis.

Talningar eru framkvæmdar við undirbúning breytinga á götum, göngu- og hjólaleiðum, til að meta þróun umferðar eftir breytingar og eins þegar fyrirspurnir berast frá íbúum, skólum eða öðrum aðilum.


Frá árinu 2011 hafa allar talningar á gatnamótum innifalið bíla, gangandi og hjólandi vegfarendur.

Hluti talninga á hverju ári er í nágrenni grunnskóla. Lykilverkefni við mat á fjölda gangandi og hjólandi og umferðaröryggi við grunnskóla er kortlagning á gönguleiðum skólabarna á ferð til og frá skóla. Fyrir á árinu fengu allir grunnskólar í borginni beiðni um að leggja könnun um ferðamáta- og leiðarval nemenda til skóla fyrir nemendur í 3.-10. bekk. Markmið könnunarinnar, sem nú er lögð fyrir nemendur í öllum grunnskólum borgarinnar í annað sinn, er að fá markviss gögn um hvar nemendur ganga eða hjóla á leið til og frá skóla til grundvallar ákvarðana um umferðaröryggisaðgerðir.

Könnunin er vefkönnun, svarað af nemendum sjálfum undir leiðsögn kennara. Hún er í tveimur hlutum, annarsvegar um val á ferðamáta og hins vegar kortlagning á leiðarvali til skóla. Í seinni hlutanum teiknar nemandi inn á kort þá leið sem hann velur að fara í skólann og einnig gefst nemendum tækifæri að merkja inn staði á sinni leið sem þeir telja eða upplifa órugga.

Niðurstöður fara inn í gagnagrunn sem er vistaður hjá borginni og upplýsingar úr honum eru nýttar við gerð umferðaröryggisáætlana og útfærslu öryggisaðgerða. Niðurstöður verða kynntar fyrir fulltrúum Skóla- og frístundasviðs þegar þær liggja fyrir.

Að neðan er skjáskot af upphafssíðu könnunarinnar sem byggð er ofan á borgarvefsjá.



Ferðavenjur skólabarna

Velkomin(n)

Hér á eftir átt þú að teikna á kort leiðina sem þú komst í skólann í morgunn.
Einnig áttu að merkja þá staði þar sem þú ert órugg(ur) í umferðinni.
Niðurstaða könnunarinnar er notuð til þess að gera leið þína í skólann öruggari.
Fyrst þarft þú að gefa upp heimilisfang, kyn, bekk og hvernig þú komst í skólann í morgun.

Hvar áttu heima?

Kyn?

Í hvaða bekk ert þú?

Í hvaða skóla ert þú?

Hvernig komst þú í skólann í morgun?

Næsta

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri